



## GJALDSKRÁ OG REGLUR fyrir geymslusvæði í Langanesbyggð

### 1. gr

Leigutakar skulu eiga lögheimili í Langanesbyggð.

### 2. gr

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Í umsókn komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslu. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknum ber að skila á skrifstofu Langanesbyggðar og verða þær afgreiddar i þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleiga plássið til annarra.

### 3. gr

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu kr. 10.800 tryggingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

### 4.gr

Gagnkvæmur uppsagnafræstur er 3 mánuðir m.v. 1. Hvers mánaðar.

### 5. gr

Leigugjald er innheimt fyrir fram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrei verið styttri en einn mánuður.

### 6. gr

Leiga á geymslusvæði m/vsk. eru kr. 153 m<sup>2</sup> á mánuði. Stærðir leigureita skulu að jafnaði vera eftirfarandi:

- 3 x 4 metrar eða 12 fermetrar
- 3 x 8 metrar eða 24 fermetrar
- 3 x 12 metrar eða 36 fermetrar
- 20 feta gámur
- 40 feta gámur

Hægt er að leigja fleiri en einn reit samtímis.

### 7. gr

Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutunum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim.

### 8. gr

Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni á geymslusvæðinu.

### 9. gr

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og málæðir.



### **10.gr**

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess a valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðinu þeirra. Leigutaki skal loka og læsa hliði geymslusvæði við brottför. Óheimilit er að geyma hluti ofna á gánum sem eru í geymslu.

### **11.gr**

Skrifstofa Langanesbyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjalfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

### **12gr**

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Langanesbyggðar Stórholti og taka gildi frá undirritun. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2018.

*Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2017.*

*Eltás Pétursson, sveitarstjóri.*